| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | 29. maí 2015 |
| **Námsgrein** | Danska |
| **Titill** | Danska fyrir sjálfstæðan notanda - d |
| **Skammstöfun** | DANS3CA05 |
| **Viðfangsefni** | Evrópski tungumálarammin, stigb2, viðbót |
| **Staða áfanga** | Samþykkt af skóla |
| **Þrep áfanga** | 3 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 5 |
| **Lýsing áfanga** | Lögð er áhersla á að nemendur verði vel færir í mismunandi aðferðum til að lesa og skilja flóknari ritmáls- og talmálstexta en áður og geti greint og túlkað dýpri merkingu þeirra. Nemendur fá ríkuleg tækifæri til að þjálfa sig í beitingu málsins í ræðu og riti. Nemendur verða færir um að vinna að viðamiklum verkefnum þar sem lögð er sívaxandi ábyrgð á herðar þeirra. Þeir þurfa að sýna frumkvæði og að þeir geti samtímis sinnt hugðarefnum sínum og þjálfast í öguðum vinnubrögðum. Áfanganum er skipt í þjá hluta þar sem nemendur bera sjálfir ábyrgð á vali, efnisöflun, birtingarformi og námsmati.Hér er ferlið ekki síður mikilvægur þáttur en það sem að út úr vinnunni kemurog þess vegna þurfa nemendur að halda ítarlega dagbók meðan á vinnunni stendur ásamt því að safna í sýnismöppu úrvali verkefna sem endurspegla færni þeirra í öllum þáttum tungumálsins. Þessari möppu er skilað í lok annar ásamt greinargerð nemandans um nám sitt í faginu og vangaveltur um framfarir. |
| **Forkröfur áfanga** | DANS2BB05 |
| **Þekkingarviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**<br>• hvernig hann greinir ólík viðhorf og gildi og hvernig þau móta danska menningu og geta tengt þau eigin samfélagi og menningu<br>• hvernig hann tileinkar sér orðaforða sem er nauðsynlegur til að mæta hæfniviðmiðum áfangans þ.m.t orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða<br>• hvernig hann notar tungumálið til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega |
| **Leikniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• taka þátt í samræðum á viðeigandi hátt og geta beitt málfari við hæfi, af öryggi og án mikillar umhugsunar |

| | |
|---|---|
| | • taka þátt í umræðum um kunnugleg málefni og geta gert grein fyrir skoðunum sínum og haldið þeim á lofti<br>• skrifa margs konar texta ( s.s ritgerðir og skýrslur, bréf ) formlegan og óformlegan og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu<br>• skilja fólk með dönsku að móðurmáli án teljandi erfiðleika<br>• beita öllum helstu lestraraðferðum af kunnáttu |
| **Hæfniviðmið** | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**<br>• taka þátt í samræðum á viðeigandi hátt og geta beitt málfari við hæfi, af öryggi og án mikillar umhugsunar<br>• taka þátt í umræðum um kunnugleg málefni og geta gert grein fyrir skoðunum sínum og haldið þeim á lofti<br>• skrifa margs konar texta ( s.s ritgerðir og skýrslur, bréf ) formlegan og óformlegan og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu<br>• skilja fólk með dönsku að móðurmáli án teljandi erfiðleika<br>• beita öllum helstu lestraraðferðum af kunnáttu |
| **Námsmat** | Fjölbreytt námsmat endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna (ETM). Námsmat er í formi símats; munnlegra og skriflegra smærri og stærri verkefni sem dreifast jafnt yfir önnina. Þau byggja á kennara-, sjálfs- og jafningjamati og á virkni og verkefnaskilum nemenda, þar sem færniþættirnir lesskilningur, hlustun, tal og ritun, auk málfræði eru metnir. |